

AUGLÝSING

um deiliskipulag Lækjarness í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 1. desember 2010 samþykkt deiliskipulag lögbylisins Lækjarness í Mosfellsdal. Skipulagssvæðið er um 1,4 ha og er innan landbúnaðarsvæðis. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar fyrir íbúðarhús og hins vegar fyrir hesthús. Kvaðir eru settar um umferð að golfvelli, um reiðleið meðfram Köldukvísl og um raflínu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 4. janúar 2011,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2011